

# Innritun í framhaldsskóla haustönn 2023

# Breytingar frá fyrri árum


- **Ekki verður sérstök forinnritun í ár.**
- Tímabil innritunar lengist úr 6 vikum í 11.
- Eldri nemendur sækja um seinna á tímabilinu en innritunartímabil þeirra lengist í takt við ábendingar.
- Innritun þeirra sem sækja um á starfsbrautir verður óbreytt.

# Innritunartímabil

1. Innritun á starfsbrautir fyrir fatlaða nemendur fer fram 1.-28. febrúar.
2. Innritun eldri nemenda fer fram 27. apríl til 1. júní.
3. Innritun nemenda í 10. bekk fer fram 20. mars til 8. júní.

# Hvað þarf að gera?

- Sótt er um í gegnum vef Menntamálastofnunar: <https://www.inna.is/framhaldsskolaumsokn/>



## Umsókn um námsvist í framhaldsskóla

Við innskráningu er hægt að nota veflykil Menntagáttar, Íslykil eða rafræn skilríki.

**Innskráning með veflykli Menntagáttar**

Veflykill sem nemendur 10. bekkjar fá afhentan í grunnskólanum sínum.

**Innskráning með Íslykli**

Nemendur 17 ára og eldri sem sækja um í framhaldsskóla smella á [island.is](http://island.is)-hnappinn hér að neðan og geta þá valið um hvort þeir nota Íslykil eða rafræn skilríki við innskráningu.

**Veflykill Menntagáttar:**


Kennitala

Veflykill

Innskráning

EDA

**Íslykill island.is:**



Umsækjendur 17 ára og eldri nota Íslykil eða rafræn skilríki til að skrá sig inn. Íslykil er hægt að fá afhentan hjá Þjóðskrá gegn framvisun persónuskilríkja. Einnig er hægt að sækja um Íslykil rafrænt á [www.island.is](http://www.island.is). Hægt er að velja um að fá hann sendan á lögheimili, sem tekur 2-3 virka daga eða í netbanka og skilar hann sér þangað innan fárra mínútna. Rafræn persónuskilríki er hægt að sækja um hjá viðskiptabanka.

Umsækjendur 16 ára og yngri og eiga ekki veflykil sem afhentur var í grunnskóla geta einnig sótt um Íslykil eða fengið forráðamann sinn til að sækja veflykil Menntagáttar fyrir sig. Forráðamaðurinn fer þá inn í umsókn og notar til þess Íslykil eða rafræn skilríki. Þegar komið er inn í umsóknina er valinn flippinn "Veflyklar" vinstra megin á síðunni. Þegar hann er valinn kemur listi yfir börn forráðamanns á aldrinum 14-18 ára og veflyklar þeirra. Forráðamaður skrifar veflykilinn niður, skráir sig út úr kerfinu með því að velja "Útskráning" í valmyndinni til vinstri. Umsækjandinn sjálfur getur síðan farið inn í umsóknarformið og skráð inn kennitaluna sína og veflykil Menntagáttar.

Ef koma upp vandamál varðandi innskráningu þarf að hafa samband við Menntamálastofnun í síma 514-7500, senda netpóst á [innritun@mms.is](mailto:innritun@mms.is) eða senda einkaskilaboð til ráðgjafa Innritunar á Facebook.

Menntamálastofnun - Vikurhvarf 3 - 203 Kópavogur  
Sími: 514 7500 - Netfang: [innritun@mms.is](mailto:innritun@mms.is)

# Hvernig sæki ég um?

- Nemendur fá bréf með veflykli frá Menntamálastofnun og leiðbeiningum.
- Forsjáraðilar fá bréf með upplýsingum um innritun.
- Sótt er um tvo skóla, fyrsta val sem nemandinn vill helst og annað val til vara.
- Sótt er um tvær brautir innan hvors skóla.
- **Nemendur hafa frest til þess að sækja um til 8. júní, en eftir það er ekki hægt að breyta umsóknum.**

# Munið að staðfesta umsókn

- Staðfestu umsókn eftir að þú hefur fyllt hana út.
- Alltaf er hægt að fara inn í hana aftur (innan innritunartímabils) og gera breytingar ef þarf og staðfesta a nýju.

# Hvað þarf ég að senda með umsókninni minni?

- Einkunnir eru sendar rafrænt (sjálfkrafa) frá grunnskólum til framhaldsskóla eftir skólaslit.
- Í flestum tilfellum þarf ekki að senda nein viðbótargögn með umsókninni.
- Athugaðu samt vel inntökuskilyrði þeirra en þar á að koma fram ef skólar óska eftir einhverjum viðbótargögnum.
- Ef þig langar til að senda eitthvað með umsókninni þá getur þú sent þau gögn sem fylgiskjal en það er ekki víst að skólarnir skoði þau gögn.

# Innritun eldri nemenda

- Innritun eldri nemenda (fæddir 2006 eða fyrr) sem eru ekki í framhaldsskóla sem stendur eða ætla að skipta um skóla hefst 15. mars og stendur til 22 apríl.
- Umsækjendur 17 ára og eldri nota auðkenni frá [island.is](http://island.is) eða rafræn skilríki.
- Ef sótt er um Íslykil á netinu er hægt að velja um að fá hann sendan á lögheimili sem tekur 2-5 virka daga eða í netbanka (skilar sér samdægurs).
- Rafræn skilríki er hægt að sækja um hjá viðskiptabanka.



# Inntökuskilyrði

- Framhaldsskólar setja sér sjálfir reglur um inntöku,
- Upplýsingar um reglur skólanna og inntökuskilyrði er að finna á heimasíðum skólanna.
- Mikilvægt er að kynna sér inntökuskilyrðin.
- Skólarnir horfa til einkunna þegar þeir meta nemendur inn.
- Sumir skólar taka frá pláss fyrir nemendur í nærumhverfi sínu – þó ekki allir.
- Það þarf þó að sækja um slíkan skóla til að eiga möguleika á slíku plássi.

# Réttur á skólavist

- Nýnemar sem sækja um áður en umsóknarfrestur rennur út eiga lögum samkvæmt rétt á skólavist.
- Sækja um tímanlega, ekki draga fram á síðustu stundu.
- Einungis einn skóli býður hverjum nemanda skólavist.
- Nemandi sem fær ekki skólavist í þeim skólum sem hann sótti um er fundin skólavist í þriðja skóla.
- **Ef nemandi hafnar skólavist sem honum er boðin er hann á eigin vegum og lagaskyldu telst fullnægt.**

# Afgreiðsla umsókna

- Skólar afgreiða umsóknir jafn óháð því hvort þeir eru settir í annað val.
- Þeir horfa til einkunna og raða nemendum eftir þeim.
- Ef nemandi raðast ofarlega hjá báðum skólum færir hann inni í þeim fyrri.

# Týndur veflykill

- Ef veflykill týnist þurfa foreldrar að sækja lykilinn inn á vefinn, einnig er hægt að fá aðstoð gegnum [innritun@mms.is](mailto:innritun@mms.is).
- Eldri nemendur fá veflykil í gegnum island.is.

# Starfsbrautir

- Rafræn innritun á starfsbrautir fyrir fatlaða fer fram dagana 1. til 28. febrúar.
- Tímamörk almennrar innritunar gilda þó fyrir umsóknir sem berast eftir þann tíma.
- Stefnt er að afgreiðslu allra umsókna á starfsbrautir fyrir lok apríl.
- Listar yfir skóla bjóða upp á starfsbrautir er finna á síðu Menntamálastofnunar:  
<https://mms.is/framhaldsskolar-sem-bjoda-upp-a-starfsbrautir> .

# Fjar og dreifnám

- Innritun í fjar og dreifnám og kvöldskóla fer fram samkvæmt fyrirkomulagi sem einstakir framhaldsskólar auglýsa.
- Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðum einstaka skóla.